

Alþingi
Erindi nr. P 125/845
komudagur 2.3.2000

Yfirlit yfir samráð við samtök opinberra starfsmann frá á tíunda áratugnum

Í upphafi áratugarins var það meðvituð stefna ríkisstjórnar að hafa sem minnst samráð - sbr Nefnd um mótun menntastefnu.

Setning grunnskólalaga 1995:

Samráð á síðustu stigum málsins vegna yfirlýsinga um að grunnskólinn yrði ekki fluttur nema um það næðist sæmileg sátt milli ríkis, sveitarfélaga og samtaka kennara.

Virkt samráð um 57. grein laganna

Tímabil 1994 til 1995

Flutningur grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga:

Virkt samráð um alla hluti nema fjármál - Leiddi til samkomulags um alla hluti er vörðuðu réttindi starfsfólks og skyldur ásamt samkomulagi um meðferð faglegra mála.

Ekkert samráð við stéttarfélag um fjármálaleg atriði - en hægt var að fylgjast með í gegnum verkefnisstjórnina

Tímabil 1995 til 1996

Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins 1996:

Ekkert samráð - samskipti mest í formi tilkynninga. Lögin sett í fullkominni andstöðu við samtök opinberra starfsmanna.

Lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 1997:

Í upphafi var ekki um að ræða samráð að nokkru marki og var frumvarpið því upphaflega lagt fram í algjörri andstöðu við samtök opinberra starfsmanna. Eftir mikil fundarhöld BSRB, BHM og KÍ með þúsundum félagsmanna og eftirlaunabega og einnig vegna þess að upphaflega frumvarpið, hefði að orðið að lögum, var brot á 57. grein grunnskólalaga dró forsætisráðherra það til baka.

Í framhaldi af því hófst mikil vinna fulltrúa samtakanna og fjármálaráðherra við að vinna drög að nýju frumvarpi og náðist vítæk sátt milli aðila um efni þess frumvarps sem síðar varð að lögum frá Alþingi þótt nokkrar breytingar hefðu verið gerðar á því í meðförum þingsins.

Samráð eins og það á að vera

Tímabil 1996.

Hér eru einungis talin upp hin stærri mál sem með einum eða öðrum hætti snerta eða snertu nærri alla opinbera starfsmenn. og enduðu með nýrri löggjöf.